

**7. fundur stýrihóps um Samfélagsmiðstöð á Dalbraut 8, haldinn í Lindinni
Dalbraut 4,
föstudaginn 4. nóvember 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson fulltrúi meirihluta, Ragnar B. Sæmundsson fulltrúi minnihluta, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2201087 - Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8 - uppbygging

Uppbygging á samfélagsmiðstöð á Dalbraut 8. Farið yfir stöðuna á kynningar- og samráðsfundum með hagaðilum.

Unnur Helga Kristjánsdóttir ráðgjafi Strategía ehf. og verkefnastjóri stýrihóps sat fundinn. Farið var yfir stöðuna á kynningar- og samráðsfundum með hagaðilum. Skilgreint með hvaða hópum ætti eftir að funda og hvernig best væri að nálgast þá.

Það kom fram að mikilvægt er að nýta þá þarfagreiningu sem gerð var fyrir Fjöliðju eftir brunann inn í forgreiningarskýrslu stýrihópsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.